

Lokaverkefni Skýrsla - Módel Bátur



Inngangur	3
Framkvæmd og aðferð	3
Skipasmíði	4
FabLab Austurlands	4
Myndir	5
Lokaorð	6
Heilmildir	7

Inngangur

Ég ákvað að gera módel af trillu afa míns því að ég lauk smáskipanámi í VA á síðustu önn og það vakti mikinn áhuga á skipum hjá mér. Ég var líka í hönnun skipa áfanga sem leiddi mig að hugmyndinni eftir menntaskóla að fara erlendis í nám í skipahönnun og til þess að prófa þennan möguleika ákvað ég að gera módel af bát en ég vissi ekki hvernig ég átti að fara að því og síðan var mér leitt á Ólöfu Fablab kennara sem sagði mér að þetta væri hægt og að hún hefði ekki gert svona áður en yrði meira en ánægð með að hjálpa mér við þetta verkefni. Báturinn heitir Elfríð Ósk og er nýsmíðaður bátur sem hefur verið breyttur. Báturinn er hvítur, blár og rauður og er stærsti strandveiðibáturinn í Neskaupstað.

Framkvæmd og aðferð

Byrjunin var þannig að ég vissi ekki hvort ég ætti að gera þetta sjálfur úr pappa, ég reyndi það en það misheppnaðist feikilega hjá mér og ég var í miklu basli við að byrja á þessu verkefni en ég horfði á youtube og sá aðra gera þetta úr stáli og vissi að það yrði bara vesen fyrir mig og sóun á tíma síðan sá ég eina sem 3d prentaði svona módel og þá var mér bent á hanna Ólöfu sem er með fablabið. Ég ásamt Ólöfu byrjuðum að gera verkefnið í fusion. Það tók marga tíma í fusion að ná bátnum, það þurfti að byrja upp á nýtt 3 og við feingum hjálp að norðan og vestan og fengum teikningar af bátnum sem komu okkur meira af stað. Við byrjuðum á hliðunum og þetta var óbigilega eitt af erfiðustu partunum. Að byrja er alltaf erfitt en við tókum þetta hægt og rólega. Ég mætti oft til Ólöfu til að ná meira í verkefninu, stundum þegar ég kom náðum við að gera helling, stundum gekk ekki svo vel en í byrjun fóru miklar þælingar og ég get sagt að heilinn minn fór í algjöra köku stundum en ég skildi þetta samt. Ég hugsaði einu sinni um að gefast upp, en það var í byrjun, en ég hafði trú á verkefninu og við byrjuðum að teikna á blað hvernig væri best að gera þetta.

Við eyddum miklum tíma saman, ég og Ólöf í fusion, og þegar við náðum góðu róli þá gerðust hlutirnir. Við fórum hægt af stað en þegar við vorum búin með erfiðustu partinn og búin að fá aðstoð þá gekk þetta mun hraðar og út frá nokkrum línunum sem við vorum byrja með og í vandræðum með og botninn var allt í einu kominn: „Já, þessi er að gera bát“. Ég var mjög glaður þegar það var allt komið og við vorum búin að teikna bátinn þá var hægt að fara út í smátriðin, stýrishúsið, síðan vélarhúsið og á eftir því gerðum við gluggana og síðan

gerðum við holur sem handriðið mun fara í og þá vorum við tilbúin að prenta bátinn. Prentunin tók þrjá klukkutíma og fjörutíu og átta mínútur. Ég sótti bátinn til Ólöfu næsta dag og þar fylgdi stuðningur með bátnum sem ég reif af. Síðan var það að hitta Ólöfu aftur að gera límeðana á bátinn, sem sagt nöfnin og merkin og litina Þegar ég var búin að því trúði ég ekki þetta væri að takast hjá mér, ég komst því miður ekki lengra. Planið er að gera handfang í litlu holurnar með agnarsmáum vír og að gera stand úr spýtu sem heldur bátnum til sýningar þegar komið er að því að sína bátinn og ég mun standa við hliðina á bátnum og segja frá hvernig þetta var gert

Skipasmíði

Skipasmíði er smíði skipa og annarra fljótandi skipa og í nútímanum fer það vanalegast fram í sérhæfðri aðstöðu sem kallast skipasmíðastöð. Skipasmíðir fylgja auknu starfi sem á rætur að rekja til áður óskráðrar sögu þar til nýlega þegar með þróun vel flókinnar tækni sem ekki er á sjó hafa skip oft verið eitt fullkomnasta mannvirki sem samfélagið hefur nokkurn tímann framleitt. Sumar lykilframfarir í iðnaði voru þróaðar til að styðja við skipasmíði, til dæmis eins og sögun timburs með vélrænum sögum knúin áfram með vindmyllum í hollenskum skipasmíðastöðvum á fyrri hluta 17. aldar. Af hönnunarferlinu var snemma tekið upp lógartíminn sem var fundinn upp árið 1615 með því að búa til línurnar sem notaðar voru í að búa til lögum bols, sérstaklega þegar þessar línur eru stækkaðar nákvæmlega í moldloftinu. Skipasmíði og skipaviðgerðir bæði atvinnu- og hernaðarlega eru kallaðar flotaverkfræði, smíði báta er sambærileg starfsemi sem kallast bátasmíði og niðurrif skipa kallast skipbrot. Hverjir voru þeir fyrstu í skipasmíði? Egiftarnir voru þeir fyrstu sem vitað er af eru á myndum.




Fablab Austurlands




Fablabið á Austurlandi er staðsett í verknámshúsi Verkmenntaskóla Austurlands. Skólinn sér Fab-Lab-smiðjunni fyrir sér húsnæði og ber fulla ábyrgð á starfsemi hennar og þar að auki sér reksturinn Fablab Austurlands er rekið á grundvelli samnings milli Verkmenntaskóla Austurlands og Háskóla iðnaðar og einungis nýsköpunarráðuneytisins, mennta- og barnamálaráðuneytisins og Fjarðabyggðar. Í Fablab er hægt finna vel fjölbreyttan tækjabúnað

og eins og í öðrum Fab Lab-smiðjum (e. Fabrication Laboratory). Nemendur og almenningur, fyrirtæki og frumkvöðlar hafa öll aðgang að FabLab-smiðjunni.

Myndir

Mynd eitt hér að neðan er hliðarmynd bátsins, teikningin sem við fengum til að gera bátinn, mynd tvö er þegar við vorum að byrja og vorum í basli erfiðasti parturinn en hliðin á bátinum komin. Á þriðju myndinni erum ég og Ólöf að teikna á blað hvernig best væri að gera þetta. Á mynd fjögur erum við komin með allan neðri part bátsins og við speigluðum hann, á mynd fimm erum við komin með stýrishúsið, á mynd sex er báturinn tilbúinn að fara í prentun og gluggarnir og velarhúsið komið, mynd sjö eftir prentun með stuðningnum (mynd átta: Báturinn er tilbúinn aðeins eftir handrið og plötu undir bátinn.





Lokaorð

Mér fannst aldrei eitthvað sérlega gaman af skipum eða fiskveiðum eða bátum þegar ég var krakki, enda var faðir minn aldrei heima því hann var alltaf á sjó þannig að ég hreint út sagt þoldi ekki skip sem krakki og ég þoldi ekki fabled á Ísafirði þegar ég fór í það, fannst mér það alls ekki skemmtilegt. Ég gerði sum verkefni í fabled fyrir vestan en fannst það aldrei gaman, þannig ef þú hefðir sagt mér 10–11 ára að eftir nokkur ár myndirðu búa til bát í fabled og þú myndir elska hann hefði ég að öllum líkindum slegið þig. En áhugamálin mín breyttust og mér finnst þetta ótrúlega gaman og ég vil þakka öllum sem hjálpuðu mér með verkefnið, sérstaklega Ólöfu og Verkmenntaskóla Austurlands.

Heimildir

Ólöf Þ. Hannesdóttir (n.d.). *Ársskýrsla FabLab Austurland*. VA.

<https://www.va.is/static/files/arsskyrsla-fab-lab-austurland-2024.pdf>

Shipbuilding. The earliest vessels. (n.d.). Royal Museums Greenwich.

<https://www.rmg.co.uk/stories/topics/shipbuilding-earliest-vessels>